

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 28. september 2018  
UST201809-179/B.S.  
10.05.07

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Stofnæð - Hoffell að Höfn. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða lagningu 20 km langrar stofnæðar frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði. Leitast er við að leggja lögninga sem næst vegum og um röskuð svæði. Samráð var haft við Náttúrufræðistofnun Íslands um legu pípunnar og var henni í nokkrum tilvikum breitt vegna ábendinga Náttúrufræðistofnunar til að hlífa óröskuðu votlendi. Umhverfisstofnun telur lofsvert að framkvæmdaaðili skuli hafa leitað eftir álitni sérfræðistofnunar um bestu legu pípunnar.

Á um 700 m löngum kafla milli bæjanna Hóla og Hjarðarness telur framkvæmdaaðili óhjákvæmilegt að leggja stofnæðina um flæðimýri sem er stærri en 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli og ber því að forðast röskun hennar sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Til að draga úr röskun mun vinnusvæðið verða merkt sérstaklega og þess gætt að raska ekki vatnsbúskap á svæðinu. Dæmi um sambærilegar framkvæmdir RARIK sýna að unnt er að ganga þannig frá lögnum í votlendi að ummerki verða einungis tímabundin.

Hér er um framkvæmd að ræða sem nær til nokkuð stórs svæðis. Einnig fylgja lögninni varanleg mannvirki s.s. dælustöðvar og jöfnunartankar. Stór hluti framkvæmdasvæðisins er við samgöngumannvirki í Nesjum og við Höfn þar sem ný mannvirki munu á engan hátt stinga í stúf við umhverfið sem er þegar að hluta manngert. Að mati Umhverfisstofnunar hefur framkvæmdin verið vel undirbúin og er kynningarskýrsla mjög vel unnin og ítarleg. Þar hefur verið leitað til fagstofnana um rannsóknir og jafnframt hefur framkvæmdaaðili verið jákvæður gagnvart ábendingum þessara aðila um tilhögun framkvæmdarinnar í því skini að draga eins og unnt er úr umhverfisáhrifum hennar. Fjallað hefur verið um ýmsa valkosti varðandi legu stofnæðarinnar og sá kostur valinn sem fagstofnanir og framkvæmdaaðili hafa talið ákjósanlegan.

Í ljósi þess hversu ítarleg kynningarskýrslan er og rannsóknir á náttúrufari hafa verið gerðar af ýmsum fagstofnunum telur Umhverfisstofnun ólíklegt að mat á umhverfisáhrifum mundi bæta að nokkru marki við þær upplýsingar sem þegar eru fyrir

hendi og stofnunin telur nægjanlegar til að byggja á þeim álit um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdir nærri fuglasvæðum verði utan varptíma. Til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður í flæðimýri ætti að leggja gróðurtorfur til hliðar og koma þeim fyrir á yfirborði í lok frágangs. Slíkum vinnubrögðum hefur m.a. verið beitt við framkvæmdir við Þeistareykjavirkjun. Umhverfisstofnun telur brýnt að tryggt verði að hugmyndir RARIK um hvernig staðið verði að framkvæmdinni skili sér í útboðsgögn og að fylgt verði þeirri verklýsingu sem þar er sett fram.

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllt

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur